

M-67/2011. Álit 4. ágúst 2011

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. ágúst 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-67/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. mars sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur sá sem lýst er í álitsbeiðni varðar kaup á sólarlandaferð af Y. Álitsbeiðandi krefst 30% afsláttar af verði ferðarinnar vegna rangra upplýsinga sem hann telur ferðaskrifstofuna hafa veitt í markaðssetningu.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beið þjónustukaupa um álit á ágreiningnum.

Það er ljóst að ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu ferðaskrifstofu. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hvernar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum er ljóst að kaup þjónustu ferðaskrifstofu eiga ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Rétt er að vekja athygli álitsbeiðanda á úrskurðarneftnd Neytendasamtakanna og Samtaka um ferðaþjónustu sem vistaður er hjá Neytendasamtökunum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir,
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir